



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



UMHVERFISSTOFNUN



## EFTIRFYLGNI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA ÁRSINS 2006

MARS 2010



# EFNISYFIRLIT

|                                   |    |
|-----------------------------------|----|
| INNGANGUR.....                    | 5  |
| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI .....         | 7  |
| UMHVERFISSTOFNUN .....            | 11 |
| VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS ..... | 13 |



# 1 INNGANGUR

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni er gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum er framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal vekja athygli á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda á leiðir til úrbóta.

Hverri stjórnsluúttekt er fylgt eftir með athugun á því hvernig brugðist hefur verið við ábendingum hennar. Slík eftirfylgni fer fram þegar um það bil þrjú ár eru liðin frá útgáfu skýrslu og er liður í mati á árangri stjórnsluendurskoðunar. Árangur er metinn út frá því hvort telja megi óyggjandi að ábending hafi verið framkvæmd.

Árið 2009 var eftirtöldum þremur stjórnsluúttektum frá árinu 2006 fylgt eftir með framangreindum hætti:

*Ríkislögreglustjóri. Stjórnsluúttekt*

*Umhverfisstofnun. Stjórnsluúttekt*

*Verkmenntaskóli Austurlands. Stjórnsluúttekt*

Samtals voru settar fram 29 ábendingar í þessum skýrslum. Af þeim taldi Ríkisendurskoðun að 17 (59%) hefðu verið framkvæmdar að fullu, 5 (17%) að hluta en 7 (24%) hefðu ekki verið framkvæmdar.

|                 |    |
|-----------------|----|
| ÁBENDINGAR      | 29 |
| FRAMKVÆMDAR     | 17 |
| FR.KV. AÐ HLUTA | 5  |
| EKKI FR.KV.     | 7  |



## 2 RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Ríkisendurskoðun lauk stjórnsluúttekt sinni á embætti ríkislögreglustjóra (RLS) í október 2006. Þar kom m.a. fram að embættinu höfðu verið falin ýmis verkefni sem áður voru á ábyrgð annarra og að töluverðar breytingar höfðu verið gerðar á starfseminni. Vegna þessa hefði starfsmannafjöldi og kostnaður embættisins vaxið verulega frá stofnun þess árið 1997 en að hluta til hefði aukinn kostnaður leitt til lægri kostnaðar hjá öðrum lögregluembættum þegar verkefni voru flutt frá þeim til RLS. Embættið hefði unnið að því að samræma starfsemi lögreglunnar á ýmsum sviðum og gefið út á fimmta tug verklagsreglna og margvíslegra fyrirmæla um áherslur og aðgerðir lögreglu. Einnig kom fram að árangursstjórnun lögreglunnar væri ófullburða og hlutverk RLS takmarkað á því sviði. Þá var fjallað um rekstrarerfiðleika Bílamiðstöðvar RLS sem að mati Ríkisendurskoðunar höfðu bitnað á getu hennar til að endurnýja ökutæki í samræmi við markmið embættisins. Enn fremur kom fram að efnahagsbrotadeild RLS gengi betur en áður að afgreiða jafnóðum þau mál sem henni bærust. Engu að síður hefði deildin aðeins lokið um 70% mála sem henni hefðu borist á tímabilinu 2001–2005 sem væri lægra hlutfall en hjá stofnunum í Noregi og Svíþjóð sem sinntu svipuðum verkefnum.

Ríkisendurskoðun benti á ýmislegt sem betur mætti fara í starfseminni. Ábendingum var beint til dómsmálaráðuneytisins og embættis ríkislögreglustjóra.

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og embætti ríkislögreglustjóra. Ríkisendurskoðun telur að 9 ábendingar af 15 hafi verið framkvæmdar, 4 ekki en 2 að hluta.

|                 |    |
|-----------------|----|
| ÁBENDINGAR      | 15 |
| FRAMKVÆMDAR     | 9  |
| FR.KV. AÐ HLUTA | 2  |
| EKKI FR.KV.     | 4  |

### ÁBENDINGAR TIL EMBÆTTIS RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA OG DÓMSMÁLARÁÐUNEYTISINS.

#### ÁBENDING

1. Lagt er til að sviðum verði fækkað og skyld verkefni færð saman.

#### VIÐBRÖGÐ

Breytingar voru gerðar á skipulagi RLS í janúar 2007. Mynduð voru þrjú kjarnasvið, þ.e. löggæslu- og öryggisstoð, stjórnslustoð og rekstrarstoð. Þá var greiningardeild stofnuð með lögum nr. 46/2006.

#### MAT

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

|                                                                                                                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                   |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|
| <p>2. Lagt er til að aukið samráð verði haft við lögregluembættin um mótun verklagsreglna.</p>                                                                             | <p>Reglur hafa verið samræmdar og mynda nú eitt heildarkerfi. Frumdrög að nýjum reglum eru oft unnin í vinnuhópum sem skipaðir eru aðilum sem best til þekkja. Þegar lokadrög eru tilbúin hjá RLS eru þau send lögreglustjórum og fleirum til umsagnar áður en til útgáfu kemur.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p> |
| <p>3. Lagt er til að almennt eftirlit með lögregluembættunum verði eflt og samræmt betur.</p>                                                                              | <p>Eftirlit hefur verið aukið með úttektum og beinum samskiptum við lögreglustjóra, lögreglumenn og aðra starfsmenn embættanna. Embættið birtir mánaðarlega skýrslu um fjölda afbrota í hverju umdæmi þar sem tíðni þeirra er borin saman við sama mánuð tvö undangengin ár.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p> |
| <p>4. Lagt er til að lokið verði við að innleiða árangursstjórnun lögreglunnar.</p>                                                                                        | <p>Með árangursstjórnunarsamningi dóms- og kirkjumálaráðuneytis við RLS í mars 2007 var embættinu falin aukin ábyrgð á árangri lögreglunnar. Embættinu var falið að gera árangurs-stjórnunarsamninga við lögreglustjóra og voru þeir undirritaðir í desember 2007. Þá gerði embættið í samstarfi við lögreglustjórana leiðarvísir um gerð langtímaáætlunar, ársáætlunar og ársskýrslu, m.a. til að tryggja að unnið væri með sömu forsendur alls staðar á landinu. Öll embættin stóðu skil á langtímaáætlun, ársáætlun og ársskýrslu og hefur embætti Ríkislögreglustjóra lagt mat á starfsemi lögreglu í ársskýrslu sinni til ráðuneytisins.</p> | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p> |
| <p>5. Lagt er til að stjórnskipulag lögreglunnar verði einfaldað og gert röklegra með breyttri ábyrgðar- og verkaskiptingu milli embætti RLS og dómsmálaráðuneytisins.</p> | <p>Breytingar urðu á skipulagi lögreglunnar í byrjun árs 2007 þegar lögregluembættum var fækkað í 15 og embættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð. Með árangursstjórnunarsamningi dómsmálaráðuneytisins og RLS var árangursstjórnun lögreglunnar að stórum hluta færð til embættisins og stjórnunarleg ábyrgð þess þar með aukin.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p> |



|                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                            |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| <p>6. Lagt er til að rekstrarstaða Bílamiðstöðvar verði leiðrétt þannig að markmið um jafna og reglulega endurnýjun lögreglubifreiða náist.</p>                                   | <p>Rekstrarstaða hefur verið leiðrétt. Þá náðist að greiða niður halla sem fylgdi eldra bílakerfinu og hefur jafnvægi skapast í rekstri Bílamiðstöðvar án þess að nýjar fjárveitingar hafi komið til. Gjaldið sem innheimt er stendur undir rekstri og nýkaupum. Bílamiðstöðin getur því haldið úti jafnri og eðlilegri endurnýjun ökutækja með tilliti til öryggisþátta, aldurs og aksturs.</p> | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>7. Lagt er til að viðmið RLS um hámarksaldur og -akstur ökutækja verði endurskoðað.</p>                                                                                        | <p>Viðmið RLS um hámarksaldur og akstur er óbreytt.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p>     |
| <p>8. Lagt er til að kannað verði hvort leigugjald sem RLS innheimtir af lögregluembættunum fyrir ökutæki sé eðlilegt og í samræmi við kröfur sem embættin gera til tækjanna.</p> | <p>Leigugjald vegna rekstrarkostnaðar byggir á heildarkostnaði við rekstur hvers ökutækjaflokks. Innkaup ökutækja fer fram í gegnum útboð Ríkiskaupa. Lögreglustjórar velja sjálfir gerð ökutækis sem þeir vilja fá til rekstursins innan þess vals sem niðurstaða útboðs bíður upp á. Gjaldið sem embættin greiða byggir á stofnverði ökutækisins miðað við val lögreglustjórans.</p>           | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>9. Lagt er til að Bílamiðstöð styrki áætlanagerð sína þannig að hún nái a.m.k. 5 ár fram í tímann og taki til ökutækjaparfar, endurnýjunar og rekstrarkostnaðar.</p>           | <p>Rekstrar- og endurnýjunaráætlun nær 5 ár fram í tímann. Áætlun um ökutækjaparörf til 5 ára hefur hins vegar ekki verið gerð.</p>                                                                                                                                                                                                                                                              | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</p> |
| <p>10. Lagt er til að ráðuneytið hafi virkt eftirlit með hagkvæmum innkaupum á búnaði og ökutækjum hjá Bílamiðstöð.</p>                                                           | <p>Innkaup á bílum og öðrum búnaði hjá Bílamiðstöð eru ekki sérstaklega yfirfarin af ráðuneytinu.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                            | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p>     |
| <p>11. Lagt er til að starfsmönnum efnahagsbrotadeildar RLS sem fást við rannsókn efnahagsbrota verði fjölgað.</p>                                                                | <p>Starfsmönnum efnahagsbrotadeildar embættisins hefur ekki verið fjölgað.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p>     |

|                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                            |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| <p>12. Lagt er til að endurskoðuð verði samsetning starfsmannahóps efnahagsbrotadeildar með það fyrir augum að fjölga sérfræðingum á sviði atvinnurekstrar, viðskipta og fjármála.</p>                                                               | <p>Sérfræðingum fækkaði hjá embættinu. Vegna ástands á vinnumarkaði á þessu tímabili var ekki unnt breyta samsetningu starfsmannahópsins.</p>                                                                                                                                                                                                             | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p>     |
| <p>13. Lagt er til að áætlanagerð og markmiðasetning efnahagsbrota-deildar verið styrkt, m.a. með hliðsjón af vinnubrögðum stofnana í nágrannalöndunum sem sinna svipuðum verkefnum.</p>                                                             | <p>Efnahagsbrotadeild hefur sett sér markmið og mótað áætlanir fyrir árin 2008 og 2009 sem taka m.a. til málshraða og menntunar starfsmanna.</p>                                                                                                                                                                                                          | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>14. Lagt er til að fyrirkomulag rannsóknar og saksóknar skattalagabrota verði bætt með því að auka samvinnu milli skattrannsóknarstjóra (SRS) og RLS til að nýta upplýsingar og þekkingu starfsmanna sem best og koma í veg fyrir tvíverknað.</p> | <p>Stjórnvöld hafa ekki endurskoðað fyrirkomulag samvinnu SRS og RLS. Engu að síður hefur samvinna þessara aðila verið aukin og meðferð efnahagsbrota-deildar á skattamálum sem koma frá SRS einfölduð. Rannsókn efnahagsbrota-deildar byggir nú í meira mæli en áður á vinnu SRS. Þannig er leitast við að koma í veg fyrir tvíverknað.</p>              | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</p> |
| <p>15. Lagt er til að kannaður verði möguleiki á því að veita saksóknara heimild til að „skera utan af“ málum, þ.e. sleppa því að ákæra fyrir minniháttar brot ef önnur og alvarlegri brot eru talin hafa verið framin í sama máli.</p>              | <p>Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 sem tóku gildi í janúar 2009 kemur m.a. fram að lögregla getur hætt rannsókn ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram. Einnig veita löggin heimild til að falla frá saksókn ef brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við refsinguna sem vænta má.</p> | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |

### 3 UMhverfisstofnun

Umhverfisstofnun hóf starfsemi í byrjun árs 2003 með sameiningu fjögurra stofnana: Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra og embættis hreindýraráðs. Markmiðið með sameiningunni var að styrkja stjórnslu málaflokksins og gera hana skilvirkari, ná faglegum ávinningi, stuðla að hagkvæmni í rekstri og auðvelda framgang stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Í úttektinni kom fram að þetta markmið hefði ekki náðst nema að litlum hluta að mati Ríkisendurskoðunar. Sameiningin hefði þannig ekki almennt styrkt stjórnslu málaflokksins þótt vinna við álitsgjöf og umsagnir hefði orðið einfaldari. Sameiningin hefði heldur ekki skilað umtalsverðri rekstrarhagkvæmni en raunar hefði markmiðið ekki verið skilgreint nægilega vel að þessu leyti. Fátt benti því til að sameiningin hefði gert stjórnvöldum auðveldara að ná fram stefnumiðum sínum við framkvæmd umhverfismála. Hins vegar mætti færa fyrir því rök að þekking nýttist betur í sameinaðri stofnun en þegar starfsemin var dreifð í fjórum stofnunum.

Ríkisendurskoðun benti á nokkur atriði sem betur mættu fara í starfseminni. Ábendingum var beint til Umhverfisstofnunar og umhverfissráðuneytisins.

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá Umhverfisstofnun og umhverfissráðuneytinu. Ríkisendurskoðun telur að 4 ábendingar af 6 hafi verið framkvæmdar, 1 ekki en 1 að hluta.

|                 |   |
|-----------------|---|
| ÁBENDINGAR      | 6 |
| FRAMKVÆMDAR     | 4 |
| FR.KV. AÐ HLUTA | 1 |
| EKKI FR.KV.     | 1 |

#### ÁBENDINGAR TIL UMhverfissráðuneytisins og Umhverfisstofnunar

##### ÁBENDING

1. Lagt er til að umhverfissráðuneytið forgangsraði verkefnum Umhverfisstofnunar í samvinnu við stofnunina.

##### VIÐBRÖGD

Umhverfissráðuneytið hefur samþykkt nýja stefnu fyrir Umhverfisstofnun og tók hún gildi við upphaf árs 2008. Jafnframt markaði Umhverfisstofnun sér stefnu til fimm ára þar sem sett eru tíu yfirmarkmið, byggð á stefnu ráðuneytisins og lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Á hverju ári tekur ráðuneytið afstöðu til ársáætlunar stofnunarinnar sem unnin er á grundvelli fimm ára stefnunnar.

##### MAT

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

|                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                            |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| <p>2. Lagt er til að kannað verði hvort breyta þurfi hlutverki Umhverfisstofnunar varðandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og rekstur þjóðgarða.</p>                                                                                   | <p>Ráðuneytið hefur látið ráðgjafarfyrirtæki athuga stofnanauppbyggingu ráðuneytisins, þar á meðal með tilliti til reksturs þjóðgarða og fyrirkomulags heilbrigðiseftirlits. Ráðuneytið gaf Umhverfisstofnun kost á að koma á framfæri tillögum og lagði stofnunin til að hugað yrði að sameiningu allra þjóðgarða og friðlýstra svæða undir einni stofnun og að færa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga undir Umhverfisstofnun.</p> | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>3. Lagt er til að mótaður verði verkferill í samvinnu við Umhverfisstofnun um mat á fjárþörf stofnunarinnar. Þetta á sérstaklega við um kostnað við innleiðingu Evrópuerða, viðhald og uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða.</p> | <p>Mat á fjárþörf vegna innleiðingar Evrópuerða hefur verið komið í fastan verkferil sem ráðuneytið og Umhverfisstofnun eru sammála um. Fjárframlög til viðhalds og uppbyggingar þjóðgarða og friðlýstra svæða eru að hluta til ákveðin í fjárlögum. Að auki hefur Umhverfisstofnun ákveðið fjármagn sem ætlað er til sömu hluta og er þeim ráðstafað í samræmi við ársáætlun stofnunarinnar hverju sinni.</p>                      | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>4. Lagt er til að löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar verði endurskoðuð með það að markmiði að auka samþættingu verkefna innan stofnunarinnar og einfalda það regluverk sem hún starfar eftir.</p>                                 | <p>Umhverfissráðuneytið hefur ekki lagt til eða undirbúið endurskoðun löggjafar um Umhverfisstofnun með það að markmiði að auka samþættingu verkefna stofnunarinnar eða einfalda regluverkið sem hún starfar eftir.</p>                                                                                                                                                                                                             | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p>     |
| <p>5. Lagt er til að skipuriti Umhverfisstofnunar verði breytt með það að markmiði að samþætta betur starf ólíkra sviða stofnunarinnar og tryggja vandaða stjórnslu.</p>                                                                 | <p>Nýtt skipuriti tók gildi 1. janúar 2008. Samkvæmt því er stofnuninni skipt í fimm svið. Tvö kjarnasvið (fagsvið) og þrjú þverfagleg, þar af er eitt svið laga og stjórnslu.</p>                                                                                                                                                                                                                                                  | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>          |
| <p>6. Lagt er til að Umhverfisstofnun innleiði verkþókhald í starfsemi sinni.</p>                                                                                                                                                        | <p>Innleiðing verkþókhalds var á ársáætlun ársins 2009 og er vinna við hana þegar hafin.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.</p> |

## 4 VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Meginmarkmið úttektarinnar var leita skýringa á hallarekstri skólans 2002–2003 og kanna hvað gera þyrfti til að sá bati sem orðið hefði í rekstrinum næstu tvö ár þar á eftir yrði varanlegur. Árin 2002–2003 var Verkmenntaskóli Austurlands meðal þeirra þriggja almennu framhaldsskóla landsins sem voru með hlutfallslega mestan rekstrarhalla. Engu að síður var hann sá framhaldsskóli sem fékk hæst framlög á hvern ársnemanda að meðtöldum þeim uppþótum sem reiknilíkan menntamálaráðuneytisins reiknaði fámennum skólum utan höfuðborgarsvæðisins. Árin 2004–2005 varð viðsnúningur í rekstrinum og tókst stjórnendum þá að ná jafnvægi. Ríkisendurskoðun taldi að ástæður hallarekstrar væru þær helstar að nemendur hefðu verið of fáir miðað við umfang kennslunnar. Ekki hefði verið fylgst nógu vel með þróun kostnaðar og því ekki gripið tímanlega til viðeigandi ráðstafana vegna fyrirsjáanlegs halla. Einnig hefði eftirliti ráðuneytisins verið ábótavant. Stofnunin taldi hins vegar að ástæður bættrar stöðu 2004–2005 mætti rekja til þess að breyting varð á reiknilíkani ráðuneytisins sem leiddi til þess að skólinn fékk umtalsvert hærri framlög en áður. Auk þess stuðlaði fjölgun ársnemenda að því að aukið fé fékkst til rekstrarins og stjórnendum tókst að halda vinnumagni og kostnaði stöðugum milli ára.

Ríkisendurskoðun benti á nokkur atriði sem betur mættu fara í starfseminni. Ábendingum var beint til skólans og menntamálaráðuneytisins.

Markmið þessarar athugunar var að kanna hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Upplýsinga var aflað hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Ríkisendurskoðun telur að 4 ábendingar af 8 hafi verið framkvæmdar, 2 ekki en 2 að hluta.

|                 |   |
|-----------------|---|
| ÁBENDINGAR      | 8 |
| FRAMKVÆMDAR     | 4 |
| FR.KV. AÐ HLUTA | 2 |
| EKKI FR.KV.     | 2 |

### ÁBENDINGAR TIL VERKMENNTASKÓLA AUSTURLANDS OG MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

#### ÁBENDING

1. Lagt er til að áætlanagerð sé styrkt og hún byggð á ítarlegum útreikningum þar sem tekið er tillit til samhengis á milli kennslumagns, nýtingar og rekstrarafkomu.

#### VIÐBRÖGÐ

Áætlanir eru endurskoðaðar eftir að vorönn lýkur til að sjá hvaða rekstrarfé er til ráðstöfunar á komandi haustönn (nýju skólaári) og reiknað út hvaða kennslumagn má kenna og hvað er eftir af fé til rekstursins.

#### MAT

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

|                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                        |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|
| <p>2. Lagt er til að beitt sé markvissum aðgerðum til að halda aftur af kostnaði.</p>                                                                                                               | <p>Allir reikningar þarfnast samþykkis skólameistara. Deildarstjórar verknaðsdeilda meta þörf á innkaupum fyrir sínar deildir. Gerðar eru áætlanir um innkaup einstakra deilda. Rammasamningar Ríkiskaupa eru nýttir þar sem hægt er. Reynt er að stilla hópastærðum þannig upp að þær standi undir sér miðað við kennslu og rekstrarkostnað deilda.</p>                                                                                                                                                                                                              | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>      |
| <p>3. Lagt er til að virkt og stöðugt eftirlit sé haft með þróun kostnaðar.</p>                                                                                                                     | <p>Skólameistari ber ábyrgð á rekstrinum og fjármálastjóri er þar virkur þátttakandi. Fylgst er með rauntölum í bókhaldi mánaðarlega og þær bornar saman við rekstrarfé. Markvisst er fylgst með útgjöldum einstakra deilda og sífellt leitað leiða til að halda þeim í lágmarki. Eftir að vorönn lýkur eru áætlanir endurskoðar og mat lagt á hvaða rekstrarfé er til ráðstöfunar á komandi haustönn. Skólinn var innan fjárheimilda frá 2004 þar til 2008 en þá fóru gjöld ársins 4% umfram fjárheimildir. Uppsafnaður rekstrarafgangur var í lok árs 8,7 m.kr.</p> | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>      |
| <p>4. Lagt er til að stjórnvöld kanni leiðir til að draga úr afkomusveiflum framhaldsskóla með því að miða framlög vegna fasts kostnaðar við raunkostnað eða beita öðrum nauðsynlegum aðferðum.</p> | <p>Þegar framlög til framhaldsskóla voru upphaflega færð í reiknilíkan framhaldsskóla byggði það á vinnu sem miðaði að því að framlög til hvers málaflokks líkansins færu sem næst raunkostnaði. Á sl. árum hefur verið leitast við að halda því jafnvægi. Mjög stór hluti útgjalda er í formi breytilegs kostnaðar. Próaðar hafa verið hugmyndir að breytingum sem miða að því að draga úr útgjaldsveiflum með því að uppgjör og áætlanagerð taki mið af meðalnemendafjölda tveggja til þriggja ára í stað eins árs eins og nú er.</p>                               | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.</p>      |
| <p>5. Lagt er til að reiknilíkan ráðuneytisins verði endurskoðað með tilliti til þess hvernig uppbótum til fámennra skóla utan höfuðborgarsvæðisins er úthlutað.</p>                                | <p>Ekki hafa verið gerðar breytingar á reiknilíkani framhaldsskóla sem snúa sérstaklega að uppbótum.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <p>Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.</p> |

6. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að takmarka framlag á hvern nemanda eftir að fullri nýtingu er náð og þannig spara fjármuni sem gætu nýst til að jafna út mismunandi afkomu skóla.

Nýting hópa (þ.e. hversu hátt hlutfall nemenda þarf að mæta í próf til að fullt framlag fáist) er skilgreind eftir hverjum áfanga sem kenndur er í framhaldsskólum landsins. Gengið er út frá því að innan hvers skóla myndist jafnvægi á milli þeirra hópa annars vegar sem eru umframnýttir og hins vegar þeirra áfanga sem ekki hafa ekki fullskipaða hópa.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd.

7. Lagt er til að reiknilíkan ráðuneytisins verði gert aðgengilegt fyrir stjórnendur framhaldsskóla (þannig að það nýtist þeim við áætlanagerð og fjármálastjórnun).

Í vinnslu er að færa reiknilíkan framhaldsskóla úr svokölluðu fjórðuvíddarforriti yfir í *excel*-forrit. Við þá breytingu verður líkanið gert aðgengilegra stjórnendum framhaldsskóla og er miðað að því að stjórnendur skólanna fái í kjölfarið afrit af þeim hluta líkansins sem snýr að rekstri viðkomandi skóla.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.

8. Lagt er til að ráðuneytið hafi reglulegt eftirlit með fjárreiðum skóla þannig að grípa megi tímanlega til aðgerða til að forða hallarekstri.

Undirstofnunum ráðuneytisins ber að skila rekstraráætlunum sem ráðuneytið þarf að samþykkja. Gefst þar tækifæri til að fá yfirsýn um stöðu stofnana. Enn fremur tekur ráðuneytið til athugunar stöðu undirstofnana þess ársfjórðungslega og bregst við ef stofnanir fara meira en 4% fram úr fjárheimildum. Þetta fyrirkomulag hefur hins vegar verið til endurskoðunar innan ráðuneytisins í ljósi nýrra aðstæðna og er ráðgert að herða verulega á eftirliti með stofnunum.

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta.